

Loksins saman á ný

Viðrinið spýtti framman í mig á sviðinu

Í kvöld verður frumsýnd skemmtidagskrá í Borgar-leikhúsinu en þar koma fram ALLI OG VILLI, margfrægur gríndúett til margra ára. Í tilefni þess ræddi PRESSAN við Vilhjálm Breiðfjörð um samstarfið við Alfreð Frímans, hvers vegna þeir hættu á sínum tíma og hvers vegna þeir eru komnir saman á ný.

Bládamaður hitti Vilhjálm á heimili hans, en svo skemmtilega vill til að hann er góðkunningi PRESSUNNAR og hefur oftan en ekki gauskað að blaðinu smáfréttum úr bransanum. Á sínum tíma var hringt í hann þegar algjör slúðurpurrð var en því var hætt vegna þess að undantekningarlítið þurfti að biðja hlutaðeigandi afsökunar sökum rangfærslna. Vilhjálmur segist ekki kvíða frumsýningunni, alltént ekki því sem að sér snýr, en hann hafi þeim mun meiri áhyggjur af Alla sem er mjög erfðurur í samstarfi og eigi til að rjúka burt í fússi af minnsta tilefni þegar í raun væri hann sá sem væri í fullum rétti að ganga út. Auk þess væri það sér nokkurt áhyggjuefni að karlinn væri með liðagigt og blóðið væri nánast hætt að renna í honum. En hvað kemur til að þeir eru að koma saman eftir ellefu ára hlé?

„Það má segja að ég sé að gera umboðsmanni mínum og frænda greiða (Benna Breiðfjörð). Ég er svona að koma honum inn á kortið sem umboðsmanni. Hann er í

einhverri vonlausri heildsölu, flytur inn kremkex og fleira í þeim dúr. Dagskráin er í tengslum við sjónvarpsþátt sem rekur sögu gamanleiks á Íslandi og þeir hjá Stöð 2 hafa nauðað í mér að gera þetta.

Sjónvarpsstjórnin er víst einlægur aðdáandi minn, hefur dýrkað mig frá því hann var smástrákur — kann alla Alla og Villa-brandarana utanbókar.“

Hvers vegna hættu Alli og Villi á sínum tíma?

„Það voru ýmis tæknileg atriði sem gerðu útslagið. Hann gat ekki leikið nema pota puttanum í bringuna á mér ef hann þurfti að leggja áherslu á eitthvað. Það út af fyrir sig gerði vinnuaðstæður mínar óbærilegar. Í 43 ár var ég allur blár og marinn og konan mín stóð í

þeirri trú, allt þar til hún dó, að ég væri tattóveraður á bringunni. Hann ferðaðist á puttanum um bringuna á mér. Svo spýtti hann í andlitnið á mér.“

Fyrirgefðu, stóð hann á sviðinu og spýtti á þig?

„Sjónvarpsstjórnin er víst einlægur aðdáandi minn, hefur dýrkað mig frá því hann var smástrákur.“

„Ekki eins og venjulegir menn spýta, þetta er svo lúmskt. Hann laumaði því inn í atriðið, stillti sér upp beint fyrir framman nefið á mér og gætti þess vandlega að nota eingöngu orð sem byrja á T: „Tannkremstúpa“. „Talaðu truntan þín“. Á sumum sýningum hélt ég að ég mundi drukkna!


Ég skil ekki hvaðan þetta kom allt saman. Ég held að hann hafi verið sídrekkandi allan daginn til að safna fyrir kvöldið.“

En ef þetta var svona erfitt, hvers

vegna lékuð þið saman í rúm fjórtíu ár?

„Það verður ekki frá honum tekið að hann var sá besti í bransanum. Hárnákvæmur í tilsvörum, enginn gat sagt brandara eins og hann. Sem leikari komst enginn nálægt honum... Sem manneskja vildi enginn koma nálægt honum. Það síðasta sem við gerðum saman (síðan hef ég verið sóló og komið fram í ýmsum kvikmyndum, söngleikjum og auglýsingum) var læknaatriðið í áramótaskaupinu 1982. Það klikkaði eitthvað í þessari upptöku, en við höfðum leikið það svona átta þúsund sinnum. Það var því ekki frábært hjá okkur, það var klassískt. Þegar okkur tókst illa upp var það frábært. Samt fengum við alveg frábærar viðtökur og Hemmi Gunn, sem var kynnrir í þessu skaupi, sagði fimm sinnum þegar hann afkynnti okkur: „Eru ekki allir í stuði.“ Hann var vanur að segja það bara tvisvar.“

Jakob Bjarnar Grétarsson



VILHJÁLMMUR BREIÐFJÖRÐ. Segist koma fram samkvæmt samningsákvæði en gegn vilja sínum.



Læknisatriðið, eitt frægasta atriði Alla og Villa. „Það var klassískt. Þegar okkur tókst illa upp var það frábært.“

Hið fátæklega sett á stall

Sólveig Aðalsteinsdóttir, Kjarvalsstöðum

Í stuttu máli: Sólveig uppgötvar feegurð í rusli, í viðkunnaðum og hæverskum skúlptúrmyndum.



MYNDLIST
GUNNAR
ÁRNASON

Sólveig Aðalsteinsdóttir hefur verið starfandi listamaður síðastliðin fimmtán ár, en sýning hennar á Kjarvalsstöðum er ein víðamesta einkasýning hennar. Í ganginum milli sýningarsalanna gefur að líta fremur smáar skúlptúrmyndir, á stærð við postulínsmyndir og blómavasa, og er þeim komið fyrir á ómáluðum stöplum úr spónaplötum. En þetta eru engar postulínsstytur, því allar eru myndirnar samsettar úr úrkasti og rusli sem til fellur og myndi undir venjulegum kringumstæðum vera nánast ósýnilegt. Gamlir spýtukubbar, glerkrúkkur, tau, plast og límbandsrúllur eru meðal þess sem Sólveig tekur til handargagns.

Að nota rusl í listaverk er engin nýlunda. Kúbistar og dadaistar léku sér að þessu fyrir á öldinni og undanfarin þrjátíu ár hafa komið fram stefnur sem hafa beinlínis sérhæft sig í notkun slíkra hluta. Hér á Íslandi er Sólveig heldur ekki ein á báti og má t.d. nefna Kristín G. Harðarson, sem einnig hefur not-

að hina ómerkilegustu hluti í sín verk. Ruslið hefur lengi notið þess að vera hin fullkomna andstæða hefðbundinna höggmyndaefna, eins og marmara og brons, og þar af leiðandi kennt við róttækni, framúrstefnu og krítík á hákúltúr og neylsusamfélag. En nú er svo komið að ruslið er löngu orðið hluti af viðurkenndum myndlistarkúltúr — gott ef það er ekki orðið algengara en brons — og nýtur því ekki lengur þeirrar sérstöðu að vera í andstöðu við viðurkenndar leiðir í listsköpun.

Það er undarlega mótsagnakennt að hlutirnir eru gerðir úr rusli og úrkasti, en hafa yfir sér fingert og brothætt yfirbragð. Hér er að finna eitthvert næmi, án tilgerðar, í meðhöndlun fundinna hluta, sem vekur athygli manns. Sérkenni efnanna eru löðuð fram með því að fella þau saman við önnur óskyld. Það hvílir líka mikil ró yfir þessum verkum, sem er í sérkennilegu ósamræmi við brotkennt og gróft útlit hlutanna. En þessi ró er


til komin vegna miðlægrar upp-röðunar, sem skapar jafnvægi og veitir tilfinningu fyrir stöðugleika heildarinnar, þrátt fyrir að einstakir hlutar séu ósamstæðir. Það eru engin læti eða átök í þessum verkum og þau eru allt að því einum of viðkunnað, eins og litlar stytur sem gætu átt heima á arinhillu eða sófaborði.

Verk Sólveigar eru ekki ádeiluverk. Tónninn í þessum verkum er ekki krítískur, það er ekki verið að beina spjótum að brúðli og eyðileggingu neylsusamfélagsins. Þau gefa frekar tilefni til samlíkingar við fjarlægari menningarsamfélög, eins og það japanska, þar sem hið fátæklega er í heiðri haft í þeim tilgangi að hreinsa hugann og gefa tilfinningu fyrir því að allt er samtengt í órofa heild — ekkert er merkilegra eða ómerkilegra en annað nema í hugskoti mannsins.

Í einum hlutum hefur glimmerplötu, tákni alls hins fánýta í menningu okkar, verið bætt á gamlan veðraðan kubb, sem tím-

„Í einum hlutum hefur glimmerplötu, tákni alls hins fánýta í menningu okkar, verið bætt á gamlan veðraðan kubb, sem tím-inn og hrörnunin hafa markað.“

inn og hrörnunin hafa markað. Er hér komin áminning um að hreykja sér ekki of hátt, að tapa sér ekki í glysi og glæmi? Eitt er víst að ekki hreykir þessi listamaður sér hátt; myndirnar eru smáar, hún



veltir sér ekki upp úr listrænum tilbúðum né statar hún af mikilfenglegum draumsýnum eða ástríðufullri útrás tilfinninganna. Hér er hæverskan á ferðinni, en frekar mórölsk hæverska, sem á sér

kannski uppruna í réttlætiskennð gagnvart öllu því ljóta og lággkúrulega í veröldinni sem fær ekki að njóta sín.